



## Minnisblað fyrir umhverfis- og mannvirkjaráð

Dagsetning: 13-02-2025

### Viðhald og endurbætur á göngugötu Akureyrar

#### Núverandi ástand:

Yfirborð göngugötunnar er orðið það slæmt að ekki er lengur hægt að viðhalda umferð á henni án umfangsmikilla viðgerða. Snjóbræðslukerfið er farið að skemmast þar sem hellur hafa þynnst og losnað vegna mikillar umferðar og aldurs.

Göngugatan var endurnýjuð árið **1982** með snjóbræðslukerfi og hellulögn. Hún var hönnuð eingöngu sem **göngugata**, en um aldamótin var bílaumferð leyfð á henni. Fyrst var ekið á hellunum, en árið **2009** var hellulögnin fjarlægð og malbik lagt í staðinn þar sem hellurnar voru ónýtar og höfðu skemmt snjóbræðslukerfið.

Nú er ástand yfirborðsins orðið það slæmt að ekki er lengur hægt að viðhalda því. **(Sjá myndir til útskýringar.)**

#### Endurbætur og áfangaskipting:

- **Skipta þarf um yfirborðsefni og snjóbræðslurör** til að tryggja langtímaendingu götunnar.
- **Endurnýja þarf lýsingu og rafmagnskapla** við Ráðhústorg, þar sem stærsti hluti ljósa er óvirkur og ljósín ónýt.
- **Pollar (hækkanlegir) eru ónýttir**, og malbikið er orðið sprungið og með holum.
- **Hanna þarf löglega lokun á svæðinu sem uppfyllir öryggiskröfur, þar á meðal hryðjuverkalokun.**

#### Áætlaður kostnaður:

- Kostnaður við að fjarlægja hellur, endurnýja snjóbræðslu og leggja nýtt yfirborð fer eftir valinu á yfirborðsefni.
- Meðalkostnaður er um **50.000 kr. á fermetra**.
- Heildarstærð svæðisins er um **5.000 fermetrar**.
- Frumáætlun um kostnað er um **250 mkr.**, en endanleg tala ræðst af ákvörðun um umferð og notkun svæðisins.



Akureyrarbær

**Pollar (hækkanlegir) eru ónýttir, og malbikið er orðið sprungið og með holum**



Hellur eru farnar að gliðna í sundur og losna vegna mikillar umferðar yfir svæðið. Þar sem hellurnar eru þegar orðnar skemmdar, munu þær áfram valda skemmdum á snjóbræðslurörum ef ekkert er að gert.





## Akureyrarbær

Hellurnar á svæðinu eru allar að losna, þunnar og sprungnar. Þær liggja beint á snjóbræðslurörum, og enginn sandur er lengur á milli hellanna og röranna, sem eykur hættuna á frekari skemmdum.



Enginn sandur er til staðar, og hellurnar liggja beint ofan á snjóbræðslurörum. Þar sem bílaumferð fer um svæðið, er rörum því stöðugt að verða meiri skemmdir.





## Akureyrarbær

Mikið sig er í hellunum, sem skapar hættu fyrir gangandi vegfarendur. Einnig hefur myndast mikil sprungumyndun, sem eykur hættuna á skemmdum á snjóbræðslukerfinu.



Hellurnar eru að losna og eru einfaldlega orðnar uppurnar, líkt og margt annað á göngugötunni og Ráðhústorgi.





Akureyrarbær

Malbik að síga, hellur brotnar og liggur þetta allt undir skemmdum





Akureyrarbær

Tröppu viðgerðir og sig á hellum



Lýsing er ónýtt á Ráðhústorgi og þarfnast endurnýjunar. Ég myndi vilja endurnýja hana í sama stíl og var gert í göngugötu með grænum ljósastaurum og kúplum



Umhverfis- og mannvirkjasvið

Geislagata 9

600 Akureyri

(354) 460 1000

umsa@akureyri.is

www.akureyri.is



Akureyrarbær

Pollalýsing í kringum torgið er ónýtt. Búið að skemma staura og luktir notaðar sem öskubakkar



Unnið af SII þann 13-02-2025